



Verklagsreglur um staðfestingar skóladagatala

Leik-, grunn- og tónlistarskólar í Fjarðabyggð skulu skila skóladagatali til fræðslustjóra eigi síðar en 15. febrúar ár hvert. Fræðslunefnd afgreiðir og staðfestir skóladagatölín í mars.

Mikilvægt er að samráð sé haft milli leik-, grunn- og tónlistarskólastjóra eins og kostur er um gerð skóladagatalanna. Flestir af starfsdögum leikskóla skulu vera utan nemendadaga í grunnskóla. Fræðslustjóri stýrir samræmingu skóladagatala á febrúarfundum með skólastjórnendum.

1. Grunnskólar

Skóladagatal er hluti af starfsáætlun skóla, sem er endurskoðuð á hverju ári. Skólastjóri ber ábyrgð á gerð skóladagatals að höfðu samráði við kennara og skólaráð. Skólaráð fjallar um árlega starfsáætlun skóla. Fræðslunefnd ber að staðfesta að skóladagatal sé unnið skv. lögum og reglum þar að lútandi.

Samkvæmt lögum og kjarasamningum eiga að vera 180 skóladagar að lágmarki á tímabilinu frá 20. ágúst til 10. júní. Að hámarki mega 10 dagar af þeim vera til annars skólastarfs en kennslu þar sem heimilt er að skerða viðveru nemenda skv. viðmiðunarstundaskrá s.s. vegna skólastettingar, skólaslita, foreldrasamtala, skemmtana og annars sem skólastjóri ákveður í hverjum skóla. Þessir dagar nefnast skertir dagar og skulu auðkenndir sérstaklega. Á skóladagatali skal koma fram m.a. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og vetrarleyfa.

Í kjarasamningi Félags grunnskólakennara er kveðið á um að undirbúningsdagar utan starfstíma skóla skuli vera átta. Kalla má kennara til starfa frá og með 15. ágúst ár hvert en fyrr ef hluti starfsþróunar og undirbúnings að sumri er skilgreindur með þeim hætti. Einnig eru 5 starfsdagar á starfstíma skóla kjarasamningsbundnir. Fræðslunefnd veitir heimild til að hafa two tvöfalda daga á hverju skólaári og er það gert til að veita aukinn sveigjanleika við skipulag skólastarfs.

2. Leikskólar

Skóladagatal er hluti af starfsáætlun skóla, sem er endurskoðuð á hverju ári. Skólastjóri ber ábyrgð á gerð skóladagatals að höfðu samráði við kennara og foreldraráð. Foreldraráð fjallar um árlega starfsáætlun skóla. Á hverju ári eru 48 klst. ætlaðar fyrir starfsdaga. Í kjarasamningi FL og LNS er kveðið á um að 40 klst. skulu vera að lágmarki fyrir starfsdaga. Fræðslunefnd hefur samþykkt að heimila hverjum skóla að auka þann tímafjölda um 8 klst.

Tímasetningar sumarlokana í hverjum leikskóla eru 20 virkir dagar á ári og þeir eru ákveðnar af fræðslunefnd.



3. Sameiginlegir dagar

Fræðslunefnd Fjarðabyggðar ákveður fyrir febrúar ár hvert sameiginlega daga fyrir komandi skólaár:

1. Sumarleyfi leikskóla.
2. Skólasetningardag allra grunnskóla.
3. Einn sameiginlegan leyfisdag allra leik-, grunn- og tónlistarskóla.

Að höfðu samráði við hagsmunaaðila getur fræðslunefnd ákveðið sameiginlega leyfisdaga allra skóla Fjarðabyggðar.

Fjarðabyggð 30. janúar 2020

Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri



Samþykkt í fræðslunefnd 15. janúar 2020

Samþykkt í bæjarráði 27. janúar 2020

Samþykkt í bæjarstjórn 30. janúar 2020